



Reglur útg. 1.0 Umhverfis- og mannvirkjasvið

Efni: Lagnir þriðja aðila í bæjarlandi vegna rafhleðslupósta

Málsnúmer: x

Dags. 09.06.2020

Rafhleðslupóstar

Ef leggja þarf lagnir í bæjarlandinu að rafhleðslupóstum þarf að fá leyfi frá umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar.

Ekki er heimilt að setja upp rafhleðslupósta í bæjarlandinu nema með leyfi umhverfis- og mannvirkjasviðs.

Umsókn um það sendist á netfangið umsarekstur@akureyri.is Umsóknir eru afgreiddar á afgreiðslufundum umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

Leiðbeiningar vegna uppsetningar rafhleðslupósta

Nýframkvæmdir:

Dæmi: Þegar íbúðarlóð og bílastæðalóð eru tvær lóðir sem liggja ekki að hvor að annarri:

Leggja skal 1 stk. ídráttarrör á milli íbúðarlóðar og inn á hverja bílastæðalóð fyrir sig, þvert á stéttina. Þverun skal sýnd á samþykktum raflagnauppráttum.

Eldri byggð:

Sækja þarf um hjá umhverfis- og mannvirkjasviði ef þvera þarf bæjarland til að setja upp rafhleðslupóst.

Í umsókn þarf að koma fram tillaga að staðsetningu ídráttarrörs og skal vera 1 stk. rör fyrir hverja lóð/bílastæðalóð.

Hleðslupóstar skulu vera utan bæjarlands eða gangstéttar í umsjón Akureyrarbæjar nema með leyfi umhverfis- og mannvirkjasviðs.

Frágangur yfirborðs: Vísað í 1.1 verklagsreglur-yfirborðsfrágangur-20140521

Samþykkt á samráðsfundi umhverfis- og mannvirkjasviðs og skipulagssviðs 9. júní 2020